

Faxaflóahafnir sf
b/t Hildur Gunnlaugsdóttir
Tryggvagötu 17
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. september 2019
UST201909-004/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting – Deiliskipulag fyrir Hamrahverfi – Nýtt innsiglingarmerki - Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Faxaflóarhafnar er barst 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamrahverfi í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að fjarlægð verða tvö eldir innsiglingarmerki sem staðsett eru á Gufuneshöfða og gerir tillagan ráð fyrir nýjum 100 m² byggingarreit þar sem heimilt er að reisa 10 m hátt mastur með innsiglingarmerki með tilheyrandi ljósbúnaði. Á sjálfu mastrinu er netgirðing sem tryggir að óviðkomandi geti ekki klifra í því.

Gufuneshöfði

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Gufuneshöfði og er númer 127 sem aðrar náttúruminjar. Höfðanum er lýst sem stórgrýttur höfði með jökulminjum og brattri strönd, þar sem að er kjörið útivistarsvæði og gott útsýni. (<https://natturuminjaskra.ni.is/>)

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er svæðið sem hér er til umfjöllunar hverfisverndað og miðast stefnumótun fyrir skipulag svæðisins við að halda ásýnd holtsins og náttúru óraskaðri.

Að mati Umhverfisstofnunar mun innsiglingamerkið hafa áhrif á ásýnd svæðisins og geti haft neikvæð áhrif á verndargildi hverfisverndarsvæðisins og náttúruminjar.

Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins vistgerðirnar lyngmóavist, grasengjavist og lúpína. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni.

Frágangur


Þar sem framkvæmdarsvæðið er tiltölulega óraskað leggur Umhverfisstofnun til að raski verði haldið í lágmarki og við framkvæmdir svo sem vegaframkvæmdir verði gróðurtorfur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Í greinargerð kemur fram að gengið verður frá þeim svæðum þar sem mastur eru fjarlægð á þann veg að ummerki hverfi með uppgræðslu og skal notast skal við staðargróður í þeim tilgangi. Umhverfisstofnun telur heppilegast að notast sé við lyngmóavist og grasengjavist og forðast sé að nota lúpínu við uppgræðslu.

Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur